



Fundargerð

Svæðisráð norðursvæðis - 94. fundur svæðisráðs norðursvæðis haldinn á fjarfundi, mánudaginn 21. nóvember 2022, kl. 12:30.

Fundinn sátu:

Soffía Gísladóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Norðurlands, Árni Pétur Hilmarsson, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar, Hjördís Finnbogadóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamataka, Grétar G. Ingvarsson, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaga, Kristinn Ingi Pétursson, varafulltrúi Þingeyjarsveitar, Hjalti Páll Þórarinnsson, varafulltrúi Ferðamálasamtaka Norðurlands eystra, Guðmundur Ögmundsson, þjóðgarðsvörður á norðursvæði - Jökulsárgljúfur, Anna Þorsteinsdóttir, þjóðgarðsvörður á norðursvæði - hálendi.

3. Stjórnunar- og verndaráætlun - Breyting - Herðubreið og Austurafréttur Bárðdæla - Gagnasöfnun og vinnsla tillögu - 2202020

Þjóðgarðsvörður fór yfir stöðuna á gerð stjórnunar- og verndaráætlunar.

1. Norðursvæði Jökulsárgljúfur - af vettvangi - 1910005

Landvarsla í nóvember hefur verið viðunandi, þökk sé þremur landvörðum og verknema frá Háskólanum á Hólum. Í október voru fimm landverðir og vantaði tilfinnanlega einn til viðbótar. Nákvæmar gestatölur vantar að mestu, en þó komu rúmlega 1.000 manns í Gljúfrastofu í október og a.m.k. 10 þúsund komu að Dettifossi vestanverðum. Landverðir hafa verið duglegir við að leiðbeina gestum, lagfæra göngustíga, þrifa fasteignir, taka til í geymslum o.s.frv.

Vinna við nýja vatnsveitu í Ásbyrgi stendur yfir. Verður komin í gagnið næsta sumar og gjörbyltir vatnsmálum svæðisins. Vinna við frágang á bílastæði við Gljúfrastofu sömuleiðis í gangi. Ný vegghleðsla á lokametrinum, setur skemmtilegan svip á svæðið. Starfsmenn þjóðgarðsins og Landgræðslunnar buðu í opið hús í Skógarvarðarhúsinu 4. nóvember. Húsið var gert upp á árinu og hýsir nú skrifstofur þjóðgarðsins og Landgræðslunnar. Um 30 manns mættu í kaffi og kleinur. Góðar umræður og mikið rifjað upp frá fyrri tíð. Bara jákvæð viðbrögð gangvart því hvernig til hefur tekist. Þjóðgarðsvörður og aðstoðarmaður hans sóttu kynningu á skýrslu starfshóps um þjóðgarða og friðlýst svæði í Hörpu. Í framhaldi voru vinnudagar í Borgarnesi og heimsókn í þjóðgarðinn Snæfellsjökul.

Fyrirhuguð er formbreyting á Fálkasetri Íslands, en Vatnajökulsþjóðgarður hefur verið beinn aðili að þeim félagsskap. Þjóðgarðsvörður leggur til að gerður verði samningur milli Fálkasetursins og Vatnajökulsþjóðgarðs sem tryggir áframhaldandi samstarf þrátt fyrir breytt form.

Þjóðgarðsvörður sótti aðalfund Jökulsárhlaups. Fundur var afar vel sóttur og fram kom

almennur áhugi heimamanna á því að haldið yrði áfram með hlaupið.
Þjóðgarðsvörður greindi frá því að hann sé að skipta um starfsvettvang um áramótin.
Næsti svæðisráðsfundur verður því að öllum líkindum sá síðasti sem hann situr.

2. Norðursvæði hálendi - af vettvangi - 1909020

Þjóðgarðsvörður fór yfir verkefni líðandi stundar.

Fundargerð ritaði: Guðmundur Ögmundsson, þjóðgarðsvörður.

Fundi slitið kl. 13:53.